

Starfsleyfi

Vatnsveitu Grundarfjarðar

Vatnsveita Orkuveitu Reykjavíkur í Grundarfirði, kt. 551298-3029, hefur í dag hlotið starfsleyfi í samræmi við úttekt Heilbrigðiseftirlits Vesturlands á vatnsból, starfsleyfisskilyrði og greinargerð með starfsleyfinu. Vatnsverndarsvæði tekur mið af greinargerð Bjarna Reysr Kristjánssonar, dags. 26.09.2006.

Forsvarsmáður: Loftur R. Gissurarson.

1. Almenn ákvæði

Starfsleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Vatnsveitan skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um meðferð matvæla.
- Vatnsveitan skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um almennt hreinlæti og innra eftirlit sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
- Vatnsveitan skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um athafnasvæði matvæla fyrirtækja eftir því sem við á.
- Vatnsveitan skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 og 537/2003 vegna úrgangs sem til fellur vegna starfseminnar.
- Fyrirtækið skal gæta ákvæða 5. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 vegna heilsu starfsmanna.
- Gæði neysluvatns skulu ávallt uppfylla ákvæði neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001. Skyllt er að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ef mengun kemur fram í neysluvatninu.
- Eintök af starfsskilyrðum þessum skulu ávallt tiltæk hjá forsvarsmanni.
- Forsvarsmáður ber ábyrgð á að vatnsbólið sé rekið í samræmi við starfsskilyrði heilbrigðisnefndar.
- Fyrirhugaðar minni háttar breytingar á rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Verði um meiri háttar breytingu á rekstri að ræða, skal sótt um nýtt starfsleyfi.
- Um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsfólks fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 þar um og reglum settum samkvæmt þeim.
- Framsál starfsleyfis er óheimil.

2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við sýnatökur og reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

3. Gildistaka

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við 4. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 og 3. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla með síðari breytingum, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir, öðlast þegar gildi og gildir til 1. nóvember 2015.

Endurútgæfið vegna eigendaskipta

Borgarnesi, 15. nóvember 2006.

